



Ársskýrsla 2025

og starfsskýrsla til 1. júlí 2026





Heilbrigðiseftirlit Suðurlands

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands

Heiti á ensku: Environmental and Public Health Authorities of South Iceland

Starfssvæði: Suðurland frá Vífilfelli að Lómagnúp og Vestmannaeyjar

Heimilisfang: Austurvegi 65a, 800 Selfoss

Sími: 480 8250

Netfang: hsl@hsl.is

Heimasíða: www.hsl.is

Forsíðumynd: Vík í Mýrdal.

Efnisyfirlit:

Inngangur	5
Stjórnskipan og hlutverk	5
Heilbrigðisnefnd Suðurlands 2022-2026	6
Starfsfólk	6
Skipulag heilbrigðiseftirlits og hlutverk	7
Fjöldi heilbrigðisfulltrúa	7
Samstarf við sveitarfélög, sýslumenn, lögreglu, UOS og MAST	8
Samræming og samstarf vegna matvælaeftirlits	8
Samræming á sviði hollustuhátta og mengunarvarna	9
Kæruleiðir vegna ákvarðana heilbrigðisnefnda	9
Samstarfshópar um hollustuhætti og mengunarvarnir	10
Starfsemi Heilbrigðiseftirlits Suðurlands	10
Málaskrá og skjalavarsla	11
Reglubundið eftirlit	12
Vefur, þjónustugátt og þróun eftirlitsskyldrar starfsemi	13
Sýnataka og vöktun vatnsgæða	15
Ábendingar, kvartanir og skýrsluskil meindýraeyða	16
Hollustuhættir	17
Reglugerð um hollustuhætti (nr. 903/2024)	18
Sund- og baðstaðir	22
Samræming heilbrigðiseftirlits	23
Matvæli	25
Matvælaeftirlit og tilgangur	25
Áhættumiðað eftirlit	26
Matarbornir sjúkdómar – samstarf, forvarnir og skjót viðbrögð	26
Varnarefnaleyfar í grænmeti og ávöxtum	27
Neysluvatn	27
Áhættumat vatnsveitna	29
Fyrirhugaðar breytingar á opinberu matvælaeftirliti	29
Úttektir Eftirlitsstofnunar EFTA	29
Umhverfis- og mengunarvarnir	30
Starfsleyfi og skráning á umhverfis- og mengunarvarnasviði	31
Mengunaróhöpp vegna jarðborana	32
Fráveitur og Seyrustaðir	33

Icewater verkefnið og Þingvallavatn.....	34
Umhirða lóða og opinna svæða færast til sveitarfélaga	35
Vöktun loftgæða – brennisteinsvetni o.fl.....	36
Fjármál og rekstur	39
Hlutfall kostnaðar sveitarfélaganna í rekstri.....	39
Lokaorð	41

Myndaskrá

Mynd 1 Heilbrigðiseftirlitssvæðin á Íslandi.....	7
Mynd 2 Tengsl heilbrigðiseftirlits við aðrar stofnanir	9
Mynd 3 Heilbrigðisfulltrúar eru sérfræðingar í sýnatökum.....	11
Mynd 4 Málaskrá ný mál 2025	12
Mynd 5 Málaskrá lokin mál 2025	12
Mynd 6 Skráðar eftirlitsheimsóknir eftir árum	13
Mynd 7 Fjöldi fyrirtækja milli ára skipt eftir sviðum.....	14
Mynd 8 Yfirlit yfir sýnatökur á öldinni	16
Mynd 9 Útitónleikar lúta reglugerð um hollustuhætti	20
Mynd 10 Niðurstöður neysluvatnssýna.....	28
Mynd 11 Viðbúnaður við mengunaróhapp með olíu	31
Mynd 12 Framkvæmdir í gangi á Suðurlandi við frágang hreinsistöðvar	33
Mynd 13 Sýnishorn af álímingamiða	35
Mynd 14 Álímdir bílar	36
Mynd 15 Loftgæðamælingar vegna jarðvarmavirkjana	37
Mynd 16 Framlag sveitarfélaga til rekstrar.....	39
Mynd 17 Tekjur HSL og hlutfall framlaga sveitarfélaganna í rekstri	40
Mynd 18 Helstu kostnaðarliðir HSL	41

Töfluskrá

Tafla 1 Fjöldi starfsmanna og starfsaldur.....	6
Tafla 2 Heilbrigðiseftirlitssvæðin og fjöldi heilbrigðisfulltrúa í árslok 2025	7
Tafla 3 Gerð og fjöldi sýna ásamt mati á niðurstöðum.....	16
Tafla 4 Starfsemi á sviði hollustuhátta sem talin er upp í reglugerð nr. 903/2024.	19
Tafla 5 Skráningarskyldir fyrirtækjaflokkar og breytingar frá gildistöku	21

Inngangur

Ársskýrsla er samantekt helstu verkefna Heilbrigðiseftirlits Suðurlands (HSL) á árinu 2025 og fram til 1. júlí 2026. Aftast í skýrslunni er útdráttur úr ársreikningi 2025. Í skýrslunni má einnig finna fróðleik um uppbyggingu heilbrigðiseftirlits í landinu ásamt lýsingu á samstarfi við önnur heilbrigðiseftirlitssvæði og tengdar stofnanir. Í skýrslunni er jafnframt fjallað um áform ríkisvaldsins um að færa eftirlit sem ber eftirlitsgjöld frá sveitarstjórnarstiginu til ríkisstofnana. Eftir standa verkefni sem sveitarfélögin þurfa að standa undir og óvissa ríkir um valdheimildir og þvingunarúrræði. Skýrslan er einungis send á rafrænu formi bæði til sveitarfélaga og helstu samstarfsstofnana. Skýrslan er aðgengileg á heimasíðu embættisins: www.hsl.is.

Finna má í skýrslunni upplýsingar um fjölda eftirlitsskyldra aðila, fjölda mála, sýnatökur og fleira. Þá er einnig yfirlit yfir helstu mál ársins skipt eftir málaflokkum. Tölfræðiupplýsingarnar ná yfir tímabilið 1. janúar 2025 til 31. desember 2025.

Stjórnskipan og hlutverk

Skv. lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir er heilbrigðisnefnd kosin eftir sveitarstjórnarkosningar til fjögurra ára í senn. HSL er byggðasamlag 14 sveitarfélaga á Suðurlandi, eftirlitssvæðið er frá Vífilfelli í vestri að Lómagnúp í austri. Suðurrhálendið er hluti af svæði HSL Þar er meðal annars haft eftirlit með gistingu í fjallaskálum, veitingastöðum og vatnsaflsvirkjunum. Vestmannaeyjar eru útvörður svæðisins í suðri. Heilbrigðiseftirlit er lögbundið verkefni sveitarfélaga sem bera fjárhagslega ábyrgð á rekstri þess skv. lögum nr. 7/1998 m.s.br. Þar segir m.a. „Ekkert sveitarfélag skal vera án heilbrigðiseftirlits...” og „Landið skiptist í eftirlitssvæði ...“ Aðildarsveitarfélögin eru:

• Ásahreppur	www.asahreppur.is
• Bláskógabyggð	www.blaskogabyggd.is
• Flóahreppur	www.floahreppur.is
• Grímsnes- og Grafningshreppur	www.gogg.is
• Hrunamannahreppur	www.fludir.is
• Hveragerðisbær	www.hveragerdi.is
• Mýrdalshreppur	www.vik.is
• Rangárþing eystra	www.hvolsvollur.is
• Rangárþing ytra	www.ry.is
• Skaftárhreppur	www.klaustur.is
• Skeiða- og Gnúpverjahreppur	www.skeidgnup.is
• Sveitarfélagið Árborg	www.arborg.is
• Sveitarfélagið Ölfus	www.olfus.is
• Vestmannaeyjabær	www.vestmannaeyjar.is

Heilbrigðisnefnd Suðurlands 2022-2026

Formaður:	Guðrún Svanhvít Magnúsdóttir, Bláskógabyggð
Varaformaður:	Páll Tómasson, Mýrdalshreppi
	Kjartan Þ. Ólafsson, Sveitarfélaginu Ölfusi
	Fjóla St. Kristinsdóttir, Sveitarfélaginu Árborg
	Örn Friðriksson, Vestmannaeyjabæ
Fulltrúi atvinnurekenda:	Oddur Árnason, Rangárþingi eystra
Varamenn eru:	Hulda Kristjánsdóttir, Flóahreppi
	Eggert Valur Guðmundsson, Rangárþingi ytra
	Bragi Bjarnason, Sveitarfélaginu Árborg
	Dagný Sif Sigurbjörnsdóttir, Hveragerðisbæ
	Arna Huld Sigurðardóttir, Vestmannaeyjabæ
Varafulltrúi atvinnurekenda:	Sigurður Rafn Hilmarsson, Laugarvatni

Heilbrigðisnefnd Suðurlands hélt tíu fundi á árinu 2025, auk aðalfundar sem haldinn var þann 24. október á Kirkjubæjarklaustri samhliða Ársþingi SASS. Framkvæmdastjóri HSL sér um undirbúning og boðun funda í samráði við formann og situr alla fundi nefndarinnar.

Fundargerðir eru birtar jafnóðum á heimasíðu embættisins: <https://hsl.is/um-hsl/hsl/fundargerdir/>

Starfsfólk

Starfsfólk Heilbrigðiseftirlits Suðurlands telur ellefu eins og kemur fram í töflu 1. Fjölbreytt menntun starfsfólks styður við hin fjölbreyttu verkefni, en allt starfsfólk HSL er með háskólamenntun á raungreinasviði.

TAFLA 1 FJÖLDI STARFSMANNA OG STARFSALDUR

Nafn	starf	starfshlutfall %	starfsaldur, ár
Ágúst Óskar Sigurðsson	heilbrigðisfulltrúi	100	12
Áslaug Rut Áslaugsdóttir	heilbrigðisfulltrúi	100	23
Helgi Ólafsson	eftirlitsfulltrúi	100	0,2
Karólína Ívarsdóttir	eftirlitsfulltrúi	100	0,5
Margrét Rós Sigurjónsdóttir	verkefnastjóri	50	1,2
María Berg Guðnadóttir	heilbrigðisfulltrúi	100	21
Rán Sturlaugsdóttir	heilbrigðisfulltrúi	100	6
Reynir Freyr Jakobsson	heilbrigðisfulltrúi	100	10
Signý Bergsdóttir	heilbrigðisfulltrúi	100	1,0
Sigrún Guðmundsdóttir	framkvæmdastjóri	100	24
Örlygur Sævarsson	heilbrigðisfulltrúi	100	0,6

Skipulag heilbrigðiseftirlits og hlutverk

Heilbrigðiseftirlitssvæðin eru 9 og er skipan þeirra ákveðin skv. lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Samtök heilbrigðiseftirlitssvæða á Íslandi (SHÍ) eru formlegur samstarfsvettvangur svæðanna í þeim tilgangi að efla tengslanetið og vinna að samræmingu í þeim verkefnum sem svæðin sinna. Í þeim samtökum sitja formenn heilbrigðisnefnda og framkvæmdastjórar heilbrigðiseftirlitssvæðanna. Á heimasíðu SHÍ www.shi.is er að finna tengla á heimasíður allra svæðanna. Mynd 1 sýnir hvernig landið skiptist í eftirlitssvæði. Á flestum svæðunum er rekstur heilbrigðiseftirlits samstarfsverkefni nokkurra sveitarfélaga líkt og á Suðurlandi.



MYND 1 HEILBRIGÐISEFTIRLITSSVÆÐIN Á ÍSLANDI

Einungis í Reykjavík stendur borgin ein að rekstri Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur.

Fjöldi heilbrigðisfulltrúa

Í töflu 2 er listað upp til fróðleiks hver fjöldi heilbrigðisfulltrúa á hverju svæði fyrir sig í lok árs 2025 og einnig er hægt að lesa út úr töflunni hvernig kynjaskiptingin er á svæðunum, eða 37,5 karlar og 38,5 konur. Samtals 76 stöðugildi yfir allt landið.

TAFLA 2 HEILBRIGÐISEFTIRLITSSVÆÐIN OG FJÖLDI HEILBRIGÐISFULLTRÚA Í ÁRSLOK 2025

<i>Heilbrigðiseftirlitssvæði</i>	<i>samtals</i>	<i>karlar</i>	<i>konur</i>
<i>Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur</i>	26	13	13
<i>Heilbrigðiseftirlit Garðabæjar, Hafnarfjarðar, Kópavogs, Mosfellsbæjar og Seltjarnarness</i>	16,5	8,5	8
<i>Heilbrigðiseftirlit Vesturlands</i>	5	2	3
<i>Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða</i>	1	1	
<i>Heilbrigðiseftirlit Norðurlands vestra</i>	3,5	2	1,5
<i>Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra</i>	5	4	1
<i>Heilbrigðiseftirlit Austfjarðasvæðis</i>	4	1	3
<i>Heilbrigðiseftirlit Suðurlands</i>	9	3	6
<i>Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja</i>	6	3	3
samtals	76	37,5	38,5

Samstarf við sveitarfélög, sýslumenn, lögreglu, UOS og MAST

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands á gott samstarf við nýu embætti skipulags- og byggingafulltrúa á svæðinu auk þeirra 14 sveitarfélaga sem standa að embættinu. Aðrar samstarfsstofnanir Heilbrigðiseftirlits Suðurlands á svæðinu eru helst sýslumenn, lögreglan og brunavarnir.

Sýslumenn gefa út rekstrarleyfi fyrir veitinga- og gististaði en ein af forsendum fyrir rekstrarleyfi er að starfsleyfi sé fyrir hendi frá heilbrigðiseftirliti sveitarfélaganna vegna hreinlætis-, hollustu- og öryggisþátta gesta, auk mengunarvarna. Sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu er tengdur aðili þar sem heimagisting á öllu landinu er skráð rafrænt hjá honum á slóðinni: www.heimagisting.is Heimagisting er einfaldara form fyrir gististaði sem er ætlað einstaklingum sem vilja leigja út heimili sitt og/eða eitt frístundahús í 90 daga eða fyrir allt að 2 milljónir kr. á ári. Tilkynnt er til lögreglu ef upp kemst um sölu á gistingu án slíkrar skráningar eða rekstrarleyfis.

Samræming og samstarf vegna matvælaeftirlits

Matvælastofnun hefur samkvæmt lögum nr. 93/1995 um matvæli það hlutverk að stuðla að samræmdu matvælaeftirliti um land allt. Samræmingin fer meðal annars fram með útgáfu leiðbeininga, fræðslu og reglulegu samstarfi Matvælastofnunar og heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga.

Mikilvægur vettvangur þess samstarfs er samráðshópur sem í daglegu tali er nefndur **Matvælahópurinn**. Í honum eiga sæti fulltrúar Matvælastofnunar og heilbrigðisfulltrúar frá öllum heilbrigðiseftirlitssvæðum landsins. Heilbrigðiseftirlit Suðurlands hefur um árabíl verið virkur þátttakandi í starfi hópsins.

Samkvæmt erindisbréfi Matvælastofnunar er markmið hópsins að stuðla að samráði og samhæfingu milli Matvælastofnunar og heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga og tryggja virkt upplýsingaflæði milli aðila.

Helstu verkefni hópsins eru að:


- hafa samráð um samræmingu og framkvæmd opinbers matvælaeftirlits,
- fjalla um vandamál og álitamál sem upp koma við eftirlit og leita sameiginlegra lausna,
- skipuleggja samræmd eftirlitsverkefni,
- taka þátt í skipulagningu menntunar og þjálfunar þeirra sem starfa við opinbert matvælaeftirlit og
- vera vettvangur upplýsingamiðlunar um matvælaöryggi og framkvæmd eftirlits.

Samræming á sviði hollustuhátta og mengunarvarna

Umhverfis- og orkustofnun var stofnuð með lögum nr. 110/2024 og tók til starfa 1. janúar 2025. Stofnunin tók við verkefnum Orkustofnunar og hluta verkefna Umhverfisstofnunar.

Samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir ber stofnuninni meðal annars að vinna að samræmingu eftirlits í landinu og stuðla að samstarfi þeirra stjórnvalda sem sinna verkefnum á þessu sviði. Við þá samræmingu skal sérstaklega gæta að hagkvæmni eftirlits og leitast við að koma í veg fyrir tvíverknað og skörun.

Stofnuninni ber jafnframt að eiga náð samstarf við heilbrigðisnefndir og heilbrigðisfulltrúa og veita þeim ráðgjöf og þjónustu vegna heilbrigðiseftirlits eftir því sem aðstæður krefjast. Þá skal hún vinna að samræmingu þeirra krafna sem gerðar eru til starfsemi á sviði heilbrigðiseftirlits og að því að þeim sé framfylgt með sambærilegum hætti um land allt. Í því skyni gefur stofnunin út leiðbeiningar og viðmiðunarreglur um framkvæmd eftirlits sem heilbrigðisnefndum ber að fylgja.



MYND 2 TENGL HEILBRIGÐISEFTIRLITS VIÐ AÐRAR STOFNANIR

Mynd 2 sýnir tengsl Heilbrigðiseftirlits Suðurlands við þær ríkisstofnanir sem hafa lögbundið samræmingar- og leiðbeiningarhlutverk gagnvart heilbrigðiseftirliti sveitarfélaga, auk annarra stofnana sem tengjast starfseminni.

Kæruleiðir vegna ákvarðana heilbrigðisnefnda

Ákvarðanir heilbrigðisnefnda sem teknar eru á grundvelli laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir sæta kæru til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Nánari upplýsingar um starfsemi nefndarinnar eru aðgengilegar á vef hennar, uua.is.

Ákvarðanir sem teknar eru á grundvelli laga nr. 93/1995 um matvæli sæta kæru til þess ráðuneytis sem fer með málefni matvæla hverju sinni. Aðilar máls geta jafnframt, að uppfylltum almennum skilyrðum, borið ákvarðanir stjórnvalda undir dómstóla.

Samstarfshópar um hollustuhætti og mengunarvarnir

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands hefur verið virkur þátttakandi í samræmingarhópum sem fyrst Umhverfisstofnun og síðar Umhverfis- og orkustofnun hafa haft umsjón með. Þar er annars vegar um að ræða **Umhverfisgæðahópinn**, sem fjallar einkum um mengandi starfsemi og mengunarvarnir, og hins vegar **Hollustuháttahópinn**, sem vinnur að samræmingu eftirlits á sviði hollustuhátta.

Hópastarfið hefur verið mikilvægur vettvangur fyrir:

- samræmingu eftirlits milli heilbrigðiseftirlitssvæða,
- umfjöllun um álitamál og framkvæmd einstakra eftirlitsverkefna,
- kynningu og umræðu um breytingar á lögum og reglugerðum,
- miðlun upplýsinga og faglegar þekkingar og
- gerð samræmdra starfsleyfisskilyrða.

Nokkrir hnökrar hafa orðið á samstarfinu eftir stofnun Umhverfis- og orkustofnunar og hefur reglulegt starf hópanna ekki verið með sama hætti og áður. Vinna við gerð og endurskoðun samræmdra starfsleyfisskilyrða hefur jafnframt að verulegu leyti legið niðri að undanfögnu.

Á vef stofnunarinnar er enn að finna fjölda starfsleyfisskilyrða sem þarfnast endurskoðunar og vísa í reglugerðir sem hafa fallið úr gildi eða tekið verulegum breytingum. Af þeim sökum hafa heilbrigðiseftirlitssvæðin í mörgum tilvikum þurft að uppfæra starfsleyfisskilyrði að eigin frumkvæði áður en þau eru birt með útgefnum starfsleyfum.

Þessi staða undirstrikar mikilvægi þess að lögbundið samræmingarhlutverk ríkisstofnunarinnar sé virkt og að heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga hafi aðgang að uppfærðum, faglega yfirförnum og samræmdum leiðbeiningum og starfsleyfisskilyrðum. Slíkt stuðlar að jafnræði atvinnurekenda, fyrirsjáanlegri stjórnsýslu og sambærilegri framkvæmd eftirlits um land allt.

Starfsemi Heilbrigðiseftirlits Suðurlands

Meginstarfsemi heilbrigðiseftirlits felst í leyfisveitingum og reglubundnu eftirliti með starfsleyfisskyldum fyrirtækjum og stofnunum. Önnur verkefni sem eru fyrirferðarmikil eru umsagnir vegna rekstrarleyfa sem sýslumenn gefa út og vegna skipulagsmála eins og sést í yfirliti yfir helstu mál á myndum 4 og 5. Heilbrigðisfulltrúar hafa sérfræðiþekkingu og sérstaka þjálfun í að taka sýni, svo sem af neysluvatni og umhverfissýni úr náttúrunni bæði af vatni og af menguðum jarðvegi (sjá mynd 3).



MYND 3 HEILBRIGÐISFULLTRÚAR ERU SÉRFRÆÐINGAR Í SÝNATÖKUM

Helstu verkefni Heilbrigðiseftirlits Suðurlands eru:


- Reglubundið eftirlit og leyfisveitingar.
- Sýnataka og rannsóknir á neysluvatni, matvælum og umhverfi.
- Umsagnir um veitinga- og gististaði vegna rekstrarleyfa og vegna tækifærisleyfa sem sýslumenn veita.
- Umsagnir vegna skipulagsmála til skipulags- og byggingafulltrúa.
- Umsagnir vegna brennuleyfa sem sýslumenn veita.
- Vöktun loftgæða og önnur umhverfisvöktun.
- Eftirlit með lóðum og lendum og álímingar á lausamuni og númerslaus ökutæki.
- Skráning á framkvæmd eftirlits og niðurstöðum mælinga.

Málaskrá og skjalavarsla

Á myndum 4 og 5 er yfirlit yfir fjölda nýrra og lokinna mála hjá Heilbrigðiseftirliti Suðurlands á árinu 2025. Athygli vekur að afgreiðslur starfsleyfa voru yfir 300, enda er fjölbreytt atvinnustarfsemi og stofnanir sem eru leyfisskyldar. Myndirnar sýna jafnframt skiptingu málanna eftir málaflokkum. Undir almennt mál heyra samþykktir sveitarfélaga, eftirlit sem þarfnast eftirfylgni, sérstök rannsóknarverkefni s.s. hópsýkingar og vandamál í vatnsveitum. Skipulagsumsagnir sem sérfræðingar heilbrigðiseftirlitsins veita eru fyrirferðamikill þáttur starfseminnar og mikilvægt innlegg í skipulagsmál sveitarfélaganna. Umsagnir til sýslumanna eru stækkandi flokkur. Vegna veitingaleyfa eru 150 ný mál á árinu 2025 og 108 mál vegna tækifærisleyfa sem koma til vegna bæjarhátíða, útihátíða, tónleika og þorrablóta svo dæmi séu tekin. Í sumum þessara tilfella þarf einnig að veita tímabundið starfsleyfi, ef krefjast þarf meiri aðbúnaðar og aðstöðu varðandi öryggisþætti og hreinlætismál.



MYND 4 MÁLASKRÁ NÝ MÁL 2025




MYND 5 MÁLASKRÁ LOKIN MÁL 2025

Reglubundið eftirlit

Á árinu 2025 var fjöldi eftirlitsskyldra aðila 1811. Þótt formlegum eftirlitsheimsóknum hafi fækkað hefur umfang eftirlitsins ekki minnkað. Auknar kröfur eru gerðar til skráningar, rökstuðnings og ítarlegra eftirlitsskýrsla, sem hefur lengt þann tíma sem fer í úrvinnslu hverrar heimsóknar. Mikilvægt er að þróa áfram samræmd verkferli og upplýsingakerfi sem einfalda skráningu og skýrslugerð, þannig að meiri tími nýtist til eftirlits á vettvangi. Skráðar

eftirlitsferðir í reglubundnu eftirliti koma fram í súluriti á mynd 6. Þar er jafnframt samanburður á fjölda eftirlitsferða milli ára.



MYND 6 SKRÁÐAR EFTIRLITSHEIMSÓKNIR EFTIR ÁRUM


Þar er þó ekki tekið tillit til umfangsmikils eftirlits og rannsóknarvinnu vegna matarsýkinga sem tengdust þorablótum í upphafi árs 2025. Sú vinna var tímafrek og hafði óhjákvæmilega áhrif á svigrúm til annarra eftirlitsverkefna.

Fjöldi eftirlitsferða getur sveiflast nokkuð milli ára. Eftirlitstíðni einstakra fyrirtækja ræðst af áhættumati viðkomandi starfsemi, niðurstöðum fyrra eftirlits og öðrum áhættuþáttum. Tíðnin getur verið allt frá einni heimsókn á fjögurra ára fresti upp í eftirlit annan hvern mánuð. Algengt er þó að matvælafyrirtæki sæti reglubundnu eftirliti árlega. Frá árinu 2006 hefur umfang eftirlitsverkefna aukist jafnt og þétt og má áætla að vinnan við eftirlit hafi nær tvöfaldast á tímabilinu. Líklegt er að verkefnum haldi áfram að fjölga á næstu árum, meðal annars vegna áframhaldandi uppbyggingar atvinnustarfsemi og mikils vaxtar ferðaþjónustu á Suðurlandi.

Vefur, þjónustugátt og þróun eftirlitsskyldrar starfsemi

Vefur Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, www.hsl.is, er í stöðugri þróun og gegnir mikilvægu hlutverki við upplýsingagjöf til rekstraraðila og almennings. Þar eru meðal annars birtar upplýsingar um umsóknir um starfsleyfi, útgefin starfsleyfi og gildandi starfsleyfisskilyrði. Þá eru birtar greinargerðir með starfsleyfum eftir því sem við á samkvæmt reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, auk heildaryfirlits yfir

starfsleyfi sem eru í gildi hjá embættinu.



MYND 7 FJÖLDI FYRIRTÆKJA MILLI ÁRA SKIPT EFTIR SVIÐUM

Miklar breytingar hafa orðið á síðustu árum á málsmæðferð vegna útgáfu starfsleyfa. Með breytingu á reglugerð um hollustuhætti árið 2024 gerði ríkisvaldið heilbrigðiseftirliti sveitarfélaga skylt að taka upp þá framkvæmd að birta tillögur að starfsleyfum fyrir starfsemi á sviði hollustuhátta áður en leyfi væru gefin út. Auglýsing og opinbert kynningarferli náði því ekki lengur eingöngu til mengandi starfsemi heldur einnig til starfsleyfa á hollustuháttasviði.

Með lagabreytingu sem samþykkt var 19. júní 2026 var hins vegar gerð veruleg breyting á þessu fyrirkomulagi. Þá var auglýsingaskylda vegna starfsleyfa felld niður gagnvart öllum þeim flokkum atvinnustarfsemi sem voru undir starfsleyfiseftirliti Heilbrigðiseftirlits Suðurlands. Þar með var bæði horfið frá þeirri framkvæmd sem lengi hafði gilt um mengandi starfsemi og þeirri nýlegu skyldu sem tekin hafði verið upp árið 2024 vegna starfsemi á sviði hollustuhátta. Samþykktu lögin gera ráð fyrir að meginkerfisbreytingarnar um að færa verkefni frá sveitarfélögum til ríkisstofnana taki gildi 1. janúar 2027, þótt breyting á framkvæmd auglýsingaskyldunnar hafi verið kynnt og tekið gildi sumarið 2026.

Breytingin stýttir málsmæðferð við útgáfu starfsleyfa, en felur jafnframt í sér að hið formlega kynningar- og athugasemdaferli sem áður fór fram áður en leyfi var gefið út fellur brott. Upplýsingar um umsóknir, útgefin starfsleyfi, starfsleyfisskilyrði og kæruleiðir verða eftir sem

áður birtar á vef Heilbrigðiseftirlits Suðurlands eftir því sem lög, reglugerðir og sjónarmið um gagnsæi stjórnsýslunnar krefjast.

Í þjónustugátt HSL er tekið á móti umsóknum um starfsleyfi og tóbakssöluleyfi, auk tilkynninga og gagna vegna nýrra eða endurgerðra fráveitna og annarra mála sem embættið hefur til meðferðar. Rafræn þjónusta auðveldar umsækjendum að skila inn gögnum og stuðlar að skilvirkari og rekjanlegri málsmeðferð.

Á mynd 7 kemur fram þróun á fjölda eftirlitsskyldra fyrirtækja milli ára. Svarta línan sýnir heildarfjölda fyrirtækja en súlurnar sýna skiptingu þeirra eftir þremur meginfagsviðum HSL: hollustuháttasviði, umhverfis- og mengunarvarnasviði og matvælasviði. Brött hækkun árið 2024 endurspeglar aukin umsvif og fjölgun eftirlitsskyldrar starfsemi á Suðurlandi. Sú þróun hélt áfram árið 2025.


Fyrirtæki eru flokkuð eftir meginstarfsemi sinni, en starfsemi margra þeirra nær yfir fleiri en eitt fagsvið. Hótel með veitingastað, einkavatnsveitu og eigin fráveitu er til dæmis almennt flokkað á hollustuháttasvið þar sem gistipjónusta er meginstarfsemin. Innan sama fyrirtækis getur eldhúsið þó jafnframt verið sérstök eftirlitseining á matvælasviði, einkavatnsveitan eftirlitsskyld sem matvælafyrirtæki og fráveitan fallið undir umhverfis- og mengunarvarnasvið. Fjöldi skráðra fyrirtækja gefur því ekki einn og sér fullkomna mynd af umfangi eftirlitsins, enda geta fleiri en ein eftirlitsskyld eining og margir málaflokkar tengst sama rekstraraðila.

Árleg eftirlitsáætlun er lögð fyrir heilbrigðisnefnd í upphafi hvers árs. Í henni er gerð áætlun um fjölda reglubundinna eftirlitsheimsóknna og sett fram meginmarkmið ársins ásamt undirmarkmiðum fyrir einstaka málaflokka. Megináhersla er lögð á að sinna reglubundnu og áhættumiðuðu eftirliti með þeim fyrirtækjum sem eiga að fá eftirlit á árinu og að tryggja vandaða og eins skjóta afgreiðslu nýrra umsókna og kostur er.

Sýnataka og vöktun vatnsgæða

Starfsfólk Heilbrigðiseftirlits Suðurlands tekur árlega fjölda sýna vegna opinbers eftirlits, eins og fram kemur á mynd 8. Megináhersla er lögð á eftirlit með gæðum baðvatns í sund- og baðlaugum og gæðum neysluvatns í þeim fjölmörgu vatnsveitum sem starfræktar eru á eftirlitssvæðinu.

Tíðni sýnatöku úr neysluvatnsveitum ræðst meðal annars af stærð og umfangi vatnsveitunnar, fjölda notenda, niðurstöðum fyrri sýnataka og sögu um gæði neysluvatns. Sýnatökur eru því skipulagðar með hliðsjón af áhættu og aðstæðum hjá hverri vatnsveitu.



MYND 8 YFIRLIT YFIR SÝNATÖKUR Á ÖLDINNI

Á mynd 8 er jafnframt sýnt yfirlit yfir fjölda sýnataka og samanburður milli ára. Á síðustu árum hafa sýnatökur úr baðvatni á baðstöðum í náttúrunni bæst við verkefni eftirlitsins samkvæmt reglugerð nr. 460/2015 um baðstaði í náttúrunni.

Nánar er fjallað um niðurstöður úr sýnatökum, annars vegar í kaflanum um sund- og baðstaði og hins vegar er fjallað um neysluvatnsniðurstöður í kaflanum um matvæli.

Fjöldi og tegundir sýna sem tekin voru á árinu 2025 koma fram í töflu 3.

TAFLA 3 GERÐ OG FJÖLDI SÝNA ÁSAMT MATI Á NIÐURSTÖÐUM

Gerð sýna	Fullnægjandi	Ófullnægjandi	Ekki metið	Samtals
Neysluvatn	136	23	6	165
Baðvatn	81	48	0	129
Náttúrulaugar	8	6	0	14
Matvæli	2	1	17	20
Fráveita	0	0	7	7
Varnarefni	13	0	0	13
Önnur sýni	0	0	4	4
Samtals	240	78	34	352

Ábendingar, kvartanir og skýrsluskil meindýraeyða

Á vef Heilbrigðiseftirlits Suðurlands er almenningi boðið upp á einfalda rafræna leið til að koma á framfæri ábendingum og kvörtunum. Æskilegt er að slík erindi berist skriflega svo tryggja megi skráningu þeirra, rekjanleika og samræmda málsmeðferð. Þá er mikilvægt að

fram komi samskiptaupplýsingar þess sem sendir erindið, þannig að eftirlitið geti aflað frekari upplýsinga eða komið niðurstöðu málsins á framfæri.

Ábendingar sem berast eftir öðrum leiðum, til dæmis munnlega eða í gegnum óformleg samskipti, fara ekki sjálfkrafa í sama skráningar- og úrvinnsluferli. Af þeim sökum er ekki unnt að tryggja að þær fái sömu samræmdu meðferð og erindi sem skráð eru í gegnum vefinn.

Á vefnum er meindýraeyðum jafnframt gert kleift að skila rafrænt lögbundnum skýrslum um útrýmingu á rottum og veggjalús. Samkvæmt 15. gr. reglugerðar nr. 903/2024 um hollustuhætti skulu þeir sem annast slíka meindýraeyðingu senda viðkomandi heilbrigðisnefnd skýrslu að verki loknu.

Í skýrslunni skulu meðal annars koma fram upplýsingar um:

- verkbeiðanda,
- hvaða meindýr var um að ræða,
- hver framkvæmdi verkið og hvenær,
- hvaða útrýmingarefni voru notuð og
- hvaða varúðarráðstafanir voru gerðar til að vernda heilsu manna, önnur dýr og umhverfið.

Skýrslu um útrýmingu veggjalúsar skal skila innan þriggja virkra daga frá því að verki lýkur, en skýrslu um útrýmingu rotta innan mánaðar.

Skýrsluskil starfandi meindýraeyða hafa því miður verið ófullnægjandi. Af þeim sökum skortir heilbrigðiseftirlitið heildstætt yfirlit yfir útbreiðslu og tíðni þessara meindýra á starfssvæðinu. Með mikilli fjölgun ferðamanna og aukinni gististarfsemi má ætla að hætta á tilfellum veggjalúsar hafi aukist, án þess að fyrir liggi nægilega traust gögn til að meta þróunina.

Ástæða þess að gerð er krafa um skýrsluskil vegna veggjalúsar, líkt og vegna rotta, er að um er að ræða meindýr sem geta breiðst hratt út og erfitt getur verið að uppræta ef ekki er brugðist við af festu strax og þeirra verður vart. Regluleg og tímanleg skýrsluskil eru því mikilvæg forsenda þess að heilbrigðiseftirlitið geti fylgst með þróun mála, greint mögulega útbreiðslu og gripið til viðeigandi ráðstafana.

Hollustuhættir

Fyrirtæki á sviði hollustuhátta eru ýmist starfsleyfis- eða skráningarskyld, en undir þessa leyfisflokka falla fyrirtæki og stofnanir (sjá töflu 4) þar sem fólk sækir ákveðna þjónustu, menntun eða afþreyingu. Eftirlit á sviði hollustuhátta snýr m.a. að hreinlæti, viðhaldi

húsnæðis, meindýravörnum, þjálfun/menntun og þekkingu starfsfólks, öryggisþáttum og eftirliti í kjölfar slysa. Húsnæði skal vera í samræmi við ákvæði byggingarreglugerðar og samþykktar notkun. Hollustuháttaeftirlit er umfangsmesti eftirlitsflokkur heilbrigðiseftirlits og oftast en ekki skarast hann við matvæla- og mengunarvarnaeftirlit t.d. grunnskóli með mótuneyti, veitingastaðir, íþróttamiðstöðvar með sölu á matvælum, tjaldsvæði með losunarstað fyrir ferðasalarni, útihátíðir og gististaðir með eigin vatns- og fráveitu.

Reglugerð um hollustuhætti (nr. 903/2024)

Reglugerð um hollustuhætti er meginreglugerðin á þessu sviði og miðar að því að gæta hagsmuna almennings. Innleiðing nýrrar reglugerðar kallar á endurskoðun verkferla, aðlögun eftirlits og breytingar á þeim kröfum sem gerðar eru til eftirlitsskyldrar starfsemi. Reglugerðin er að ýmsu leyti minna ítarleg en eldri reglugerð, þótt í henni hafi verið skert á tilteknum atriðum, meðal annars ábyrgð rekstraraðila og kröfum um eigið eftirlit.

Með gildistöku reglugerðarinnar urðu samræmd starfsleyfisskilyrði Umhverfisstofnunar, að verulegu leyti úrelt. Í þeim er víða vísað til reglugerða og ákvæða sem fallin eru úr gildi eða hafa tekið breytingum. Þegar lá fyrir að Umhverfis- og orkustofnun myndi ekki uppfæra skilyrðin strax, tóku heilbrigðisfulltrúar í samstarfshópi um hollustuháttamál á landsvísu frumkvæði að því að semja ný samræmd starfsleyfisskilyrði til að láta fylgja með útgefnum starfsleyfum. Vinnunni lauk í febrúar 2026. Markmið heilbrigðiseftirlitssvæðanna var að byggja leyfisveitingar á sambærilegum, uppfærðum og faglega yfirförunum skilyrðum.

Reglugerð nr. 903/2024 hefur að geyma viðamikinn lista yfir starfsemi á sviði hollustuhátta. Flokkun starfseminnar hefur hins vegar tekið tíðum breytingum, en þó hefur listinn ekki verið lagfærður. Hluti þeirra fyrirtækjaflokka sem þar eru taldir upp hefur síðar verið færður úr starfsleyfisskyldu í skráningarskyldu samkvæmt reglugerð nr. 830/2022. Til að sjá hvaða stjórnsýsluferli á við hverju sinni þarf því að lesa reglugerðirnar saman ásamt síðari breytingarreglugerðum og kanna gildistöku eina einstakra ákvæða.

Tafla 4 sýnir fyrirtækjaflokkana eins og þeir birtast í reglugerð nr. 903/2024. Tafla 5 sýnir síðan hvaða flokkar hafa jafnframt verið færðir yfir í skráningarskyldu og hvenær breytingarnar tóku gildi. Saman sýna töflurnar hversu flókið og ógegnsætt regluverkið er orðið, bæði fyrir eftirlitsaðila og rekstraraðila.

Reglugerð nr. 903/2024 var breytt tvívegis árið 2025. Með reglugerð nr. 614/2025, sem tók gildi 6. júní 2025, var einfaldað fyrirkomulag eigendaskipta eða breyting á rekstraraðila. Samkvæmt því var heimilað að breyta handhafa starfsleyfis án auglýsingar. Er það háð þeim skilyrðum að eingöngu sé um handhafabreytingu að ræða, fyrri rekstraraðili samþykki

breytinguna og að skilyrði starfsleyfisins haldist óbreytt. Nýr handhafi tekur þá við öllum réttindum og skyldum fyrri rekstraraðila samkvæmt leyfinu.

TAFLA 4 STARFSEMI Á SVIÐI HOLLUSTUHÁTTA SEM TALIN ER UPP Í REGLUGERÐ NR. 903/2024.

1. Aksturs- og kennslubrautir.	19. Heilsuræktarstöð.	37. Sjúkrahús.
2. Almenningsalarni.	20. Heimili og stofnanir fyrir börn og unglunga með sex börn eða fleiri.	38. Sjúkrastofnun.
3. Baðstaður í náttúrunni, flokkur 1 og 2.	21. Heitloftspurrkun fiskafurða önnur en í viðauka I með lögun um hollustuhætti og mengunarvarnir.	39. Sjúkráþjálfun.
4. Daggæsla hjá dagforeldrum með sex börn eða fleiri.	22. Hestaleiga og/eða reiðskóli.	40. Skemmti- og þemagarður, þ.m.t. tívolí og skipulögð afþreyingarstarfsemi.
5. Dvalarheimili.	23. Hundahótel.	41. Skólahúsnæði.
6. Dýragarður, þar sem fram fer sýning dýra á almannafæri.	24. Húðflúrsstofa og stofa þar sem fram fer húðgötun, húðrof, og fegrunarflúr.	42. Snyrtistofa.
7. Dýragæsla.	25. Íþróttahús.	43. Sólbaðsstofa.
8. Dýralækningastofa/dýraspítali	26. Íþróttamiðstöð.	44. Starfsmannabúðir
9. Dýrasnyrtistofa.	27. Íþróttavöllur.	45. Starfsmannabústaðir.
10. Dýraspítali.	28. Kanínurækt.	46. Stofa þar sem gerðar eru aðgerðir, svo sem læknaðstofa og fótaaðgerðastofa.
11. Fangelsi og fangagæsla.	29. Kírópraktor.	47. Sund- og baðstaður.
12. Fjallaskáli, nema sæluhús og neyðarskýli.	30. Leiksvæði.	48. Tannlæknastofa.
13. Garðaúðun.	31. Meindýravarnir.	49. Tjald- og hjólhýsasvæði.
14. Gististaður í flokki II.	32. Nálastungustofa.	50. Útihátíð.
15. Gististaðir í flokki III og IV.	33. Nuddstofa.	51. Veitingastaður.
16. Gæludýraverslun.	34. Sambýli þar sem veitt er þjónusta allan sólarhringinn.	52. Verslunarmiðstöð.
17. Hársnyrtistofa.	35. Samgöngumiðstöð.	53. Önnur sambærileg starfsemi.
18. Heilsugæslustöð.	36. Samkomuhús (samkomustaðir).	

Með reglugerð nr. 806/2025, sem tók gildi 16. júlí 2025, voru gerðar frekari breytingar.

Skilgreiningin **sambýli** var felld brott og í stað hennar tekin upp skilgreiningin

húsnæðisúrræði, sem tekur mið af löggjöf um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir. Jafnframt voru kröfur til starfsfólks sem stundar húðgötun, húðflúrun eða veitir meðferð með nálastungum skýrðar og hertar. Viðkomandi skal hafa staðist hæfnispróf á viðurkenndu námskeiði áður en störf hefjast og endurnýja þá hæfni á fimm ára fresti, nema viðkomandi hafi lokið viðeigandi námi á heilbrigðissviði. Reglugerðin heimilar Umhverfis- og orkustofnun jafnframt að meta önnur námskeið jafngild viðurkenndu hæfnisprófi.

Frekari breytingar á reglugerðinni og öðrum reglugerðum á sviði heilbrigðiseftirlits eru fyrirhugaðar vegna breytinga á stjórnskipulagi og verkaskiptingu opinbers eftirlits. Drög að breytingunum hafa verið birt í samráðsgátt stjórnvalda meðal annars á þessari reglugerð með verulega einfölduðum lista yfir fyrirtæki sem reglugerðin gildir um, sjá slóð:

<https://island.is/samradsgatt/mal/4260>. Mikilvægt er að við þá endurskoðun verði ekki

eingöngu horft til þess að laga reglugerðir að nýju stofnanaskipulagi, heldur að jafnframt

verði nýtt tækifærið til að skýra efnislegar kröfur, eyða réttaróvissu, tryggja samræmt eftirlit og framkvæmanlega löggjöf.

Skráningarskylda – einföldun eða aukið flækjustig?

Á árinu 2025 voru tvær breytingar á reglugerð nr. 830/2022 um skráningarskyldan atvinnurekstur þar sem samtals 17 fyrirtækjaflokkar voru færðir úr starfsleyfisskyldu í skráningarskyldu hjá heilbrigðiseftirliti sveitarfélaga, sbr. töflu 5.



Í júní 2025 varð sá hluti veitingastaða sem snýr að gestum, einkum

MYND 9 ÚTITÓNLEIKAR LÚTA REGLUGERÐ UM HOLLUSTUHÆTTI

veitingasalur og salerni, skráningarskyldur samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Matvælastarfsemin var hins vegar áfram starfsleyfisskyld samkvæmt lögum nr. 93/1995 um matvæli.

Almennt fellur skráningarskylda niður þegar sama starfsemi er jafnframt starfsleyfisskyld samkvæmt lögum nr. 7/1998. Sú regla á þó ekki við í þessu tilviki þar sem kvaðirnar byggjast á tveimur mismunandi lagabálkum. Rekstraraðilar veitingastaða þurfa því annars vegar að sækja um starfsleyfi fyrir matvælastarfseminu og hins vegar að skrá þann hluta starfseminnar sem fellur undir lög um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Breytingin einfaldaði því ekki stjórnsýslu vegna veitingastaða með þeim hætti sem ætla mætti. Rekstraraðilar þurfa eftir breytinguna að fara í gegnum tvö aðskilin stjórnsýsluferli hjá heilbrigðiseftirlitinu:

- *sækja um starfsleyfi fyrir matvælastarfsemi veitingastaðarins samkvæmt matvælalögum og*
- *skrá þann hluta starfseminnar sem fellur undir lög um hollustuhætti og mengunarvarnir.*

Í lok árs 2025 var ákveðið að færa 16 fyrirtækjaflokka til viðbótar yfir í skráningarskyldu. Breytingin tók gildi í janúar 2026. Dráttur varð hins vegar á útgáfu og birtingu starfsskilyrða

og gátu sumir rekstraraðilar því ekki lokið skráningu eða hafið starfsemi með lögmætum hætti fyrr en nokkrum vikum síðar.

TAFLA 5 SKRÁNINGARSKYLDIR FYRIRTÆKJAFLOKKAR OG BREYTINGAR FRÁ GILDISTÖKU

Skráningarskyld atvinnustarfsemi skv. reglugerð nr. 830/2022	
Við útgáfu reglugerðar árið 2022	
Almenningssalarni.	Lauksteikingarverksmiðja.
Bífreiða- og vélaverkstæði.	Leðurvinnsla, önnur en í viðauka I og II með lögum nr. 7/1998.
Bífreiðasprautun.	Meðhöndlun, blöndun og mólun á korni, önnur en í viðauka I með lögum nr. 7/1998.
Bón- og bílapvottastöð.	Meindýravarnir.
Dýrasnyrtistofa.	Mjólkurbú og ostagerð, önnur en í viðauka I með lögum nr. 7/1998.
Dýraspítali.	Niðurrif mannvirkja, m.a. þar sem er asbest.
Efnalaug.	Nuddstofa.
Flugeldasýningar.	Pappírsvöru- og pappakassaframleiðsla, önnur en í viðauka I með lögum nr. 7/1998.
Flutningur úrgangs, annar en flutningur úrgangs á milli landa og flutningur spilliefna.	Prentun, þar sem er notkun á mengandi efnum.
Framköllun, t.d. á ljós-, röntgen- og kvikmyndum.	Ryðvarnarverksmiðja.
Framleiðsla á aukefnum og hjálparefnum fyrir matvælaðnað.	Sjúkrabjálfarar.
Framleiðsla á áfengi, gosdrykkjum og vatni.	Sólbaðsstofa.
Framleiðsla á ilmvatni og snyrtivörum.	Starfsemi þar sem notað er kælikerfi sem inniheldur flúóraðar gróðurhúsalofttegundir eða
Framleiðsla á olíu og feiti.	Starfsmannabústaðir.
Framleiðsla glers, önnur en í viðauka I með lögum nr. 7/1998.	Steypustöð.
Framleiðsla leirvara með brennslu, önnur en í viðauka I með lögum nr. 7/1998.	Steypueiningaverksmiðja.
Framleiðsla plasts, önnur en í viðauka I með lögum nr. 7/1998.	Tannlæknastofa.
Hársnyrtistofa.	Trésmiðaverkstæði, önnur en í viðauka I með lögum nr. 7/1998.
Hestahald.	Vefnaðar- og spunaverksmiðja.
Kaffivinnsla.	Vinnsla á hrájárn eða stáli, önnur en í viðauka I með lögum nr. 7/1998.
Kanínurækt.	Vinnsla fisks og annarra sjávarafurða, önnur en í viðauka I með lögum nr. 7/1998.
Kartöfluvinnsla, önnur en í viðauka I með lögum nr. 7/1998.	Vinnsla gúmmís.
Kjötvinnsla, önnur en í viðauka I með lögum nr. 7/1998.	Vinnsla málma, önnur en í viðauka I með lögum nr. 7/1998.
Kirópraktor.	
Breyting gerð árið 2023	
Brennur stærri en 100 m ³ .	
Breytingar gerðar árið 2025	
Veitingastaður (breyting gerð í júní)	
Breyting samþykkt í desember 2025 og tók gildi í janúar 2026	
Dýragæsla. (breytingar gerðar í desember)	Húðflúrstofa og stofa þar sem fram fer húðgötun, húðrof og fegrunarflúr.
Dýralæknastofa.	Íþróttahús.
Garðaúðun.	Leiksvæði, önnur en leiksvæði við fjöleignarhús með sameiginlegu svæði.
Gæludýraverslun.	Meðhöndlun asbests.
Heilsugæslustöð.	Niðurrif bífreiða- og bílapartasala.
Heilsuræktarstöð.	Smurstöð.
Hestaleiga og/eða reiðskóli.	Starfsmannabúðir.
Hundahótel.	Stofa þar sem gerðar eru aðgerðir, svo sem læknaðstofa og fóttaðgerðarstofa.

Skráningin fer fram í miðlægri þjónustugátt á Ísland.is. Það er því forsenda þess að kerfið virki sem skyldi að Umhverfis- og orkustofnun hafi lokið gerð starfsskilyrða, tryggt að þau séu rétt og uppfærð og tengt þau við viðeigandi fyrirtækjaflokka áður en breytingar á skráningarskyldu taka gildi. Að öðrum kosti getur myndast tímabundið tómarúm þar sem rekstraraðilar hafa ekki raunhæfa leið til að uppfylla lögbundna skráningarskyldu sína.

Samanburður á töflum 4 og 5 sýnir að ekki er unnt að ákvarða leyfisstöðu starfsemi með því að lesa reglugerð nr. 903/2024 eina og sér. Sama starfsemi getur verið talin upp þar þótt hún hafi síðar verið færð í skráningarskyldu samkvæmt annarri reglugerð. Eftirlitsaðilar og rekstraraðilar þurfa því að rekja breytingarsögu beggja reglugerða, kanna gildistökudaga og bera saman ólíka lista til að komast að niðurstöðu um hvaða kröfur gilda. Slíkt fyrirkomulag eykur hættu á mistökum, ósamræmdri framkvæmd og rangri leiðbeiningu til rekstraraðila.

Sund- og baðstaðir

Á starfssvæði HSL voru 23 hefðbundnir sund- og baðstaðir með starfsleyfi. Auk þeirra voru setlaugar, köld ker og baðstofur rekin hjá ýmsum öðrum aðilum, meðal annars ferðaþjónustufyrirtækjum og heilsulindum. Þá hefur baðstöðum sem falla undir reglugerð nr. 460/2015 um baðstaði í náttúrunni fjölgað.

Við eftirlit með sund- og baðstöðum er meðal annars farið yfir öryggismál, merkingar, innra eftirlit og almenna hollustuhætti. Laugarverðir eru almennt meðvitaðir um mikilvægi þess að fylgjast reglulega með klörgildum baðvatns, en stundum skortir á fræðslu um hvernig túlka beri niðurstöðurnar. Hátt gildi bundins klórs er vísbending um aukið magn óhreininda í baðvatninu. Mælist bundinn klór 1,0 ppm eða hærri skal loka lauginni og grípa til viðeigandi ráðstafana.

Mikil fjölgun hefur orðið á köldum kerjum á sund- og baðstöðum. Kalt ker er skilgreint sem laug eða ker þar sem hitastig vatns er á bilinu 0–16°C. Köld ker eru eina gerð lauga á sund- og baðstöðum þar sem heimilt er að nota óklórað eða ómeðhöndlað vatn. Ekki er gerð krafa um hreinsibúnað eða sótthreinsun ef unnt er að tryggja heilnæmi baðvatnsins með öðrum hætti, svo sem með nægu sírennsli og takmörkunum á fjölda baðgesta.

Sömu gerlafræðilegu gæðakröfur gilda þó um baðvatn í köldum kerjum og um vatn í öðrum laugum. Það er mat HSL að erfitt geti verið að uppfylla þær kröfur án sótthreinsunar baðvatnsins. Árið 2025 var tveimur köldum kerjum lokað vegna ófullnægjandi sýnaniðurstaðna. Ófullnægjandi niðurstöður komu einnig fram í sýnum úr köldum kerjum á fleiri sund- og baðstöðum, en þar reyndust endurtekningarsýni fullnægjandi og því þurfti ekki að grípa til frekari aðgerða.

Á árinu voru tekin 129 baðvatnssýni á 18 sund- og baðstöðum sem falla undir reglugerð nr. 814/2010 um hollustuhætti á sund- og baðstöðum. Alls uppfylltu 81 sýni, eða 62,8%, gerlafræðilegar gæðakröfur, en 48 sýni, eða 37,2%, uppfylltu þær ekki. Af heildarfjöldanum voru 41 sýni, eða 31,8%, endurtekningarsýni sem tekin voru í kjölfar ófullnægjandi niðurstaðna.

Þegar sýni úr sömu laug reyndist ófullnægjandi í þriðja sinn var lauginni lokað þar til rekstraraðili hafði sýnt fram á að gripið hefði verið til viðeigandi ráðstafana til að bæta baðvatnsgæðin. Í þremur sýnum greindist *Pseudomonas aeruginosa*. Þegar sú baktería greinist er lauginni lokað án fyrirvara. Minni laugar eru tæmdar, þrífnaðar og yfirklóraðar, en sundlaugar yfirklóraðar án tæmingar. Yfirklórur þarf að standa yfir í að minnsta kosti þann tíma sem samsvarar einum hringrásartíma hreinsikerfisins.

Eftirlit og leyfisveitingar vegna baðstaða í náttúrunni, sem í daglegu tali eru oft nefndir náttúrulegar, voru einnig tímafrek. Ýmsir ágallar og óskýrleikar eru í gildandi regluverki. Baðstöðum í náttúrunni er skipt í þrjá flokka eftir aðstæðum og rekstrarfyrirkomulagi. Fari fram rekstur við baðstað, hvort sem hann er reglubundinn eða tilfallandi, er starfsemin starfsleyfissskyld.

Reglugerð nr. 460/2015 er nú til endurskoðunar og á HSL fulltrúa í starfshópi sem vinnur að þeirri endurskoðun. Lögð hefur verið áhersla á að skýra gildissvið og einstök ákvæði reglugerðarinnar, herða og samræma kröfur um öryggi og endurskoða gerlafræðilegar gæðakröfur til baðvatns.

Samræming heilbrigðiseftirlits

Heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga hefur ítrekað sætt gagnrýni fyrir að framkvæmd eftirlits og túlkun reglna sé ekki nægilega samræmd milli heilbrigðiseftirlitssvæða. Í þeirri umræðu verður þó jafnframt að horfa til lögbundins hlutverks þess stjórnvalds sem ber ábyrgð á samræmingunni.

Um langt skeið starfaði, undir stjórn Umhverfisstofnunar, samstarfshópur með fulltrúum allra heilbrigðiseftirlitssvæða og stofnunarinnar. Á þeim vettvangi var fjallað um sameiginleg álitaefni, túlkun reglna og samræmd eftirlitsverkefni. Eftir sameiningu Umhverfisstofnunar og Orkustofnunar og þar með stofnun Umhverfis- og orkustofnunar hafa fundir hópsins hins vegar lagst af. Jafnframt hefur ekki verið um að ræða samræmd eftirlitsverkefni undir forystu stofnunarinnar, líkt og áður var.

Heilbrigðisfulltrúar hafa sjálfir haft frumkvæði að viðhalda samstarfinu og hafa fundað að jafnaði mánaðarlega, frá september til júní, eftir að Umhverfis- og orkustofnun tók til starfa.

Slíkt samstarf getur þó ekki komið í stað lögbundinnar forystu, ráðgjafar og samræmingar af hálfu stofnunarinnar.

Heilbrigðiseftirlitssvæðin hafa jafnframt ítrekað leitað til Umhverfisstofnunar og síðar Umhverfis- og orkustofnunar eftir upplýsingum, leiðbeiningum og afstöðu til túlkunar reglna. Svör hafa oft borist seint, verið óskýr eða ekki veitt nægilega ákveðna leiðsögn um samræmda framkvæmd. Slíkt tefur afgreiðslu mála, leiðir til ólíkrar framkvæmdar milli svæða og vinnur gegn því markmiði að sambærileg mál fái sambærilega meðferð um land allt.

Í 52. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir er hlutverk Umhverfis- og orkustofnunar skilgreint með skýrum hætti. Þar segir meðal annars:

„Umhverfis- og orkustofnun skal vinna að samræmingu heilbrigðiseftirlits í landinu og koma á samvinnu þeirra er að málum þessum starfa og skal í slíkum tilvikum sérstaklega gæta að hagkvæmni í eftirliti og fyrirbyggja tvíverknað og skörun eftir því sem frekast er unnt. Stofnunin skal hafa nána samvinnu við heilbrigðisnefndir og heilbrigðisfulltrúa og veita þá ráðgjöf og þjónustu varðandi heilbrigðiseftirlit sem hún getur og aðstæður krefjast. Þá skal stofnunin vinna að samræmingu krafna sem gerðar eru til starfsemi á sviði heilbrigðiseftirlits og að því að slíkum kröfum sé framfylgt. Til þess að stuðla sem best að þessu markmiði gefur stofnunin út leiðbeiningar og viðmiðunarreglur um framkvæmdina sem heilbrigðisnefndum ber að fylgja.“

Ákvæðið felur ekki aðeins í sér almenna heimild til samráðs heldur skýra skyldu Umhverfis- og orkustofnunar til að leiða samræmingu, eiga náð samstarf við heilbrigðiseftirlitssvæðin og gefa út leiðbeiningar um framkvæmd reglna. Þegar óskað er eftir túlkun þarf afstaða stofnunarinnar að vera skýr, rökstudd og kynnt öllum heilbrigðiseftirlitssvæðum með samræmdum hætti.

Dæmi um álitaefni þar sem skýrari og samræmdari leiðbeiningar hafa skort eru meðal annars:

- kröfur um öryggismerkingar á sund- og baðstöðum sem jafnframt gilda á baðstöðum skv. reglugerð nr. 460/2015 um baðstaði í náttúrunni;
- túlkun á hugtakinu „baðstaður í náttúrunni“, þar á meðal hvort sú flokkun geti náð til starfsemi sem reglugerðin virðist að öðru leyti ekki taka til, s.s. gufuböð og kaldar laugar;
- kröfur um lofthæð í frístundhúsum til útleigu sbr. 25. gr. reglugerðar um hollustuhætti frá 2024 sem takmarkar möguleika á nýtingu.

Ekki er raunhæft að gera heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga eitt ábyrgt fyrir skorti á samræmingu þegar sá aðili sem lögum samkvæmt á að leiða samræminguna, veita ráðgjöf og gefa út bindandi viðmiðunarreglur sinnir því hlutverki ekki með nægilega markvissum hætti. Samræmt heilbrigðiseftirlit á landsvísu verður ekki tryggt nema samræmingaraðillinn axli lögbundna ábyrgð sína og veiti skýra, stöðuga og samræmda leiðsögn.

Matvæli

Í árslok 2025 voru 470 matvælafyrirtæki undir eftirliti Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, eins og fram kemur á mynd 7 á bls. 14.

Um matvælafyrirtæki gilda lög nr. 93/1995 um matvæli. Samkvæmt 1. gr. laganna er tilgangur þeirra að tryggja, svo sem kostur er, gæði, öryggi og hollustu matvæla og að merkingar og aðrar upplýsingar um þau séu réttar og fullnægjandi. Þessu skal meðal annars ná með innra eftirliti, áhættugreiningu, rekjanleika, varúðaraðgerðum, fræðslu, upplýsingamiðlun, rannsóknum, neytendavernd og opinberu eftirliti.

Matvælaeftirlit og tilgangur

Matvælaeftirlit Heilbrigðiseftirlits Suðurlands byggist á matvælalögum og reglugerðum um öryggi, heilnæmi, merkingar og meðferð matvæla. Markmið eftirlitsins er að tryggja að matvæli sem framleidd eru, seld eða dreift á starfssvæðinu séu örugg og að neytendur fái réttar og greinargóðar upplýsingar. Sérstök áhersla er lögð á upplýsingar um ofnæmis- og óþolsvalda, enda geta frávik á því sviði haft alvarlegar afleiðingar.

Matvælafyrirtæki á svæðinu eru fjölbreytt að stærð og gerð. Þau eru meðal annars veitingastaðir, verslanir, gististaðir með matvælastarfsemi, framleiðslufyrirtæki, mótuneyti, grænmetisframleiðendur og vatnsveitur. Eftirlitið tekur mið af eðli starfseminnar, umfangi hennar, áhættu og staðbundnum aðstæðum.

Helstu verkefni matvælaeftirlits eru:

- eftirlit með öryggi og heilnæmi matvæla,
- úttektir á innra eftirliti og matvælaöryggiskerfum,
- eftirlit með merkingum, aukefnum, hreinlæti og rekjanleika,
- sýnataka úr matvælum, neysluvatni og umhverfi,
- eftirlit með vatnsveitum,
- útgáfa starfsleyfa,
- leiðbeiningar og fræðsla til fyrirtækja og almennings.

Fræðsla og leiðbeiningar eru mikilvægur hluti eftirlitsins. Markmiðið er ekki eingöngu að bregðast við frávikum heldur einnig að stuðla að því að fyrirtæki þekki skyldur sínar og geti uppfyllt þær með markvissum hætti.

Áhættumiðað eftirlit

Á árinu var áfram lögð áhersla á áhættumiðað eftirlit. Umfang eftirlits og eftirfylgni tekur mið af eðli starfseminnar, alvarleika frávika og mögulegum áhrifum þeirra á heilsu neytenda. Þannig er tíma og mannafla beint að þeim þáttum þar sem áhættan er mest.

Reynslan sýnir að virkt samtal við fyrirtæki, skýrar kröfur og markviss eftirfylgni skila almennt góðum árangri. Flest fyrirtæki bregðast vel við þegar ábyrgð, kröfur og frestir eru skýrt fram sett. Jafnframt þurfa eftirlitsaðilar að hafa nægileg og skilvirk úrræði þegar úrbætur dragast, frávik eru ítrekuð eða hætta skapast fyrir neytendur.

Heilbrigðisnefnd Suðurlands hefur ítrekað bent á mikilvægi þess að niðurstöður opinbers matvælaeftirlits verði birtar með samræmdum hætti. Slík birting getur aukið gagnsæi, styrkt upplýsingarétt neytenda og hvatt fyrirtæki til að viðhalda góðum starfsháttum og ráðast tímanlega í úrbætur.

Birting niðurstaðna þarf að byggjast á skýrum reglum sem tryggja jafnræði fyrirtækja og málefnalega framsetningu. Einnig þarf að koma fram hvort frávik hafi verið lagfærð. Heilbrigðisnefnd telur því brýnt að sett verði reglugerð um birtingu niðurstaðna opinbers matvælaeftirlits á grundvelli heimildar í matvælalögum.

Matarbornir sjúkdómar – samstarf, forvarnir og skjót viðbrögð

Vöktun og rannsókn matvælabornra sjúkdóma byggist á samstarfi heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga, sóttvarnayfirvalda, Matvælastofnunar, heilbrigðisþjónustu og rannsóknarstofa. Þegar grunur vaknar um matarsýkingu þurfa upplýsingar að berast hratt milli aðila og ábyrgð og verkaskipting að vera skýr.

Viðbrögð geta meðal annars falist í vettvangsskoðun, sýnatöku, öflun upplýsinga um framleiðslu og framreiðslu matvæla, könnun á rekjanleika hráefna og viðtölum við rekstraraðila og aðra sem að málinu koma. Þekking heilbrigðiseftirlitsins á fyrirtækjum og aðstæðum á svæðinu auðveldar skjót viðbrögð og getur stuðlað að því að stöðva smitleið áður en fleiri veikjast.

Í upphafi árs 2025 komu upp staðfest matarsýkingartilfelli í tengslum við þorrablót á Suðurlandi. Málið undirstrikaði mikilvægi hraðra og samhæfðra viðbragða, öruggrar upplýsingamiðlunar og fyrirfram skilgreindra verkferla.

Fyrirbyggjandi aðgerðir eru ekki síður mikilvægar. Reglulegt eftirlit, fræðsla starfsfólks, virkt innra eftirlit, rétt hitastýring, handþvottur og sóttthreinsun, varnir gegn krossmengun og rekjanleiki matvæla draga úr líkum á hópsýkingum.

Varnarefnaleyfar í grænmeti og ávöxtum

Á Suðurlandi er umfangsmikil garðyrkja og grænmetisframleiðsla, meðal annars í gróðurhúsum. Greinin gegnir mikilvægu hlutverki í innlendri matvælaframleiðslu. Almennt er lögð áhersla á lífrænar varnir, góða ræktunarhætti og takmarkaða notkun plöntuverndarvara.

Sýnataka vegna varnarefnaleifa er mikilvægur hluti opinbers matvælaeftirlits. Með reglubundinni og áhættumiðaðri sýnatöku er unnt að sannreyna að notkun plöntuverndarvara sé í samræmi við gildandi reglur og að magn leifa sé innan leyfilegra hámarksgilda. Við skipulagningu sýnatöku er meðal annars tekið mið af tegund afurða, ræktunaraðferðum, fyrri niðurstöðum og upplýsingum um notkun plöntuverndarvara.

Komi fram óvæntar niðurstöður eða frávik þarf að tryggja rekjanleika afurða, kanna mögulegar orsakir og grípa til frekari sýnatöku eða annarra viðeigandi ráðstafana. Niðurstöðurnar nýtast jafnframt við fræðslu, áhættumat og þróun eftirlits og stuðla að trausti neytenda til íslenskrar framleiðslu.

Neysluvatn

Neysluvatn telst til matvæla samkvæmt matvælalögum og eftirlit með vatnsveitum er því mikilvægur þáttur matvælaeftirlits. Heilnæmt og öruggt neysluvatn er grundvallarforsenda lýðheilsu, atvinnustarfsemi og búsetu. Mengun vatnsveitu getur haft áhrif á fjölda fólks á skömmum tíma.


Heilbrigðisfulltrúar annast reglubundið eftirlit með vatnsveitum, taka út innra eftirlit þeirra, meta ástand og frágang vatnsbóla, fylgjast með vatnsverndarsvæðum og sinna sýnatöku.

Á árinu 2025 voru tekin 165 neysluvatnssýni á starfssvæði Heilbrigðiseftirlits Suðurlands og reyndust 23 þeirra ófullnægjandi. Fjöldi vatnsveitna með starfsleyfi á svæðinu var 151, en stærstu veiturnar eru reknar af sveitarfélögum.

Á mynd 10 kemur fram á súluriti samanburður á fjölda sýna sem tekin hafa verið gegnum árin. Þar má sem dæmi sjá topp á árinu 2010 sem skýrist af Eyjafjallajökulsgosinu. Línuritið sýnir að neysluvatnsgæði á Suðurlandi eru almennt séð góð.

Sjö sýni til heildarefnagreiningar voru tekin á árinu 2025 og voru niðurstöður þeirra allra fullnægjandi. Til samanburðar voru 17 slíkar greiningar framkvæmdar í átaksverkefni árið 2022 og voru niðurstöður þeirra einnig innan viðmiðunarmarka neysluvatnsreglugerðar.

Þegar sýni reynist ófullnægjandi þarf að meta mögulega hættu fyrir neytendur, kanna orsök frávíksins og grípa til viðeigandi ráðstafana. Þær geta meðal annars falist í endurtekinni sýnatöku, hreinsun eða sótthreinsun kerfis, úrbótum á vatnsbóli eða dreifikerfi og, þegar tilefni er til, leiðbeiningum til notenda um suðu neysluvatns.



MYND 10 NIÐURSTÖÐUR NEYSLUVATNSSÝNA

Öryggi neysluvatns byggist á traustum vatnsbólum, fullnægjandi frágangi, virkri vatnsvernd og áhættumiðuðu innra eftirliti frá vatnsbóli til notanda. Þar sem neysluvatn á Íslandi er almennt ómeðhöndlað er sérstaklega mikilvægt að koma í veg fyrir mengun við upptök hennar. Mengun getur meðal annars borist frá yfirborðsvatni, fráveitum, landbúnaði, framkvæmdum og annarri starfsemi innan vatnsverndarsvæða.

Aðstæður á Suðurlandi kalla einnig á viðbragðsáætlanir vegna náttúruvár. Jarðskjálftar, eldgos, jökulhlaup, flóð og miklir vatnavextir geta raskað vatnsbólum og dreifikerfum eða aukið hættu á mengun. Árstíðabundnar sveiflur vegna ferðapjónustu geta auk þess valdið miklu álagi á litlar vatnsveitur.

Stærri og faglega reknar vatnsveitur eru almennt betur í stakk búnar til að tryggja stöðug vatnsgæði, viðhald, sýnatöku og skjót viðbrögð en margar litlar veitur með takmarkaða getu. Því er mikilvægt að sveitarfélög og rekstraraðilar meti möguleika á sameiningu eða tengingu vatnsveitna þar sem slíkt getur aukið rekstraröryggi og stuðlað að hagkvæmari nýtingu fjármuna.

Áhættumat vatnsveitna

Unnið hefur verið að þróun áhættumatskerfis fyrir lítil vatnsból í samstarfi við Vatnaverkfræðistofu Háskóla Íslands. Markmiðið er að auðvelda samræmt mat á áhættupáttum og forgangsörðun úrbóta.

Meðal algengra áhættupátta eru ófullnægjandi aðgengi að vatnsbólum, skortur á yfirfallsrörum, hætta á mengun frá dýrum og ófullnægjandi frágangur útloftunar. Kerfið getur orðið mikilvægt tæki til að bæta yfirsýn yfir stöðu minni vatnsveitna og styrkja eftirlit og vatnsvernd.

Fyrirhugaðar breytingar á opinberu matvælaeftirliti

Á árinu voru fyrirhugaðar breytingar á skipan opinbers matvælaeftirlits til umfjöllunar. Heilbrigðiseftirlit Suðurlands leggur áherslu á að við yfirfærslu verkefna verði fagþekking, stofnanaminni, staðbundin þekking og viðbragðsgeta varðveitt.

Breytingar á stjórnsýslulegu fyrirkomulagi mega ekki leiða til óskýrari ábyrgðar, veikari eftirfylgni eða minni þjónustu við fyrirtæki og almenning. Sérstaklega þarf að tryggja að engin eyða myndist í eftirliti á meðan verkefni, gögn og ábyrgð færast milli stjórnvalda.

Vel heppnuð yfirfærsla krefst:

- skýrrar verk- og ábyrgðarskiptingar,
- samræmdra verkferla,
- öruggs flutnings gagna,
- skýrrar áætlunar um meðferð mála sem þegar eru í vinnslu,
- áframhaldandi samstarfs við sveitarfélög og aðra viðbragðsaðila,
- nægilegs mannauðs og staðbundinnar nærveru eftirlits.

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands leggur áherslu á faglegt, samræmt og áhættumiðað matvælaeftirlit þar sem öryggi neytenda er ávallt í forgrunni. Árangur breytinganna verður ekki metinn út frá skipuriti eða formlegri tilfærslu verkefna heldur því hvort matvælaöryggi, þjónusta, samræming og viðbragðsgeta verði að minnsta kosti jafn sterk og áður. Ábyrgð á því þarf að vera skýr frá upphafi.

Úttektir Eftirlitsstofnunar EFTA

Eftirlitsstofnun EFTA, ESA, hefur eftirlit með því að Ísland, Noregur og Liechtenstein innleiði og framfylgi þeim reglum Evrópska efnahagssvæðisins sem falla undir EES-samninginn. Samningurinn veitir EES/EFTA-ríkjunum aðgang að innri markaði Evrópu, en hann byggist

meðal annars á frjálsu flæði vöru, fólks, þjónustu og fjármagns og sameiginlegum kröfum um öryggi, gæði og neytendavernd.

Á sviði matvælaeftirlits framkvæmir ESA reglubundnar úttektir á því hvernig íslensk stjórnvöld innleiða og framfylgja EES-reglum. Úttektirnar beinast ekki eingöngu að einstökum eftirlitsaðilum heldur að opinbera eftirlitskerfinu í heild, þar á meðal lagaumgjörð, ábyrgðarskiptingu, samræmingu, eftirlitsaðferðum, skráningu, eftirfylgni og getu stjórnvalda til að bregðast við frávikum.

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands tekur, sem opinber eftirlitsaðili, þátt í slíkum úttektum ásamt Matvælastofnun, ráðuneytum, rannsóknarstofum og öðrum stjórnvöldum eftir því sem við á. Þátttakan felst meðal annars í undirbúningi gagna, kynningu á framkvæmd eftirlits, viðtölum við úttektaraðila og heimsóknnum á starfsstöðvar og til eftirlitsskyldra fyrirtækja.

Í kjölfar sameiginlegs fræðslu- og samráðsfundar ESA, Matvælastofnunar og fulltrúa heilbrigðiseftirlitssvæðanna undir lok árs 2023 varð jákvæð breyting á undirbúningi úttektanna. Áhersla hefur verið lögð á að allir hlutaðeigandi vinni saman frá upphafi, miðli upplýsingum og samræmi undirbúning og framsetningu gagna. Slíkt samstarf stuðlar að skýrari ábyrgðarskiptingu, sameiginlegum skilningi á eftirlitskerfinu og markvissari eftirfylgni með niðurstöðum.

ESA framkvæmdi úttekt á opinberu eftirliti með grænmetisrækt í september 2025 og úttekt á eftirliti með upplýsingum og merkingum matvæla í júní 2026. Slíkar úttektir eru mikilvægt tækifæri til að meta styrkleika og veikleika eftirlitskerfisins, bæta samræmingu og tryggja að framkvæmd eftirlits hér á landi uppfylli sameiginlegar evrópskar kröfur. Niðurstöðurnar þurfa að nýtast til umbóta í öllu kerfinu og mikilvægt er að ábyrgð á viðbrögðum og eftirfylgni sé skýr.

Frekari upplýsingar: [ESA – Eftirlitsstofnun EFTA](#)

Umhverfis- og mengunarvarnir

Umhverfis- og mengunarvarnaeftirlit tekur til vöktunar, eftirlits og eftirfylgni með starfsemi sem getur haft áhrif á loft, land eða vatn. Markmið eftirlitsins er að fyrirbyggja mengun, draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum og tryggja að starfsemi fari fram í samræmi við lög, reglugerðir og starfsleyfisskilyrði. Eftirlitið nær meðal annars til mengunarvarna, meðhöndlunar eiturefna og hættulegra efna, fráveitumála, úrgangs, losunar frá atvinnurekstri og fræðslu og leiðbeininga til rekstraraðila.

Á árinu 2025 voru 380 aðilar með eftirlitsskylda starfsemi á umhverfis- og mengunarvarnasviði. Um er að ræða fjölbreyttan hóp fyrirtækja og stofnana, svo sem

jarðvarmavirkjanir, fráveitur, bifreiðaverkstæði, bensínstöðvar og alifuglabú. Rekstri síðustu loðdýrabúanna á svæðinu var hætt á árinu vegna samdráttar í greininni.

Á vormánuðum 2026 tóku gildi lagabreytingar sem færðu starfsleyfisútgáfu og eftirlit með virkjunum og orkuveitum frá 1 MW, auk reksturs jarðbora, frá heilbrigðiseftirliti sveitarfélaga til Umhverfis- og orkustofnunar.

Opinbert eftirlit þarf að vera markvisst, áhættumiðað og byggjast á góðri þekkingu á starfseminni og staðbundnum aðstæðum. Mengunarvarnaeftirlit felst ekki eingöngu í formlegum skoðunum og skráningu upplýsinga heldur einnig í faglegu mati, leiðbeiningum, eftirfylgni og beitingu viðeigandi úrræða þegar þess gerist þörf. Rekstraraðilar þurfa jafnframt að vita hvaða kröfur gilda, hvert þeir eigi að leita og hvernig ákvarðanir eru teknar.

Á undanförnum misserum hafa umfangsmiklar breytingar á fyrirkomulagi opinbers eftirlits með hollustuháttum og mengunarvörnum verið til umfjöllunar. Við slíkar breytingar þarf að tryggja skýra stjórnsýsluábyrgð, samræmda framkvæmd og nægilega fagþekkingu. Óljós verkaskipting, gjaldtaka eða ábyrgð á eftirfylgni getur leitt til tvíverknaðar, aukins kostnaðar eða eftirlitsgata. Slíkt þjónar hvorki hagsmunum almennings, stjórnvalda né atvinnulífs.

Starfsleyfi og skráning á umhverfis- og mengunarvarnasviði

Á árinu 2025 fór útgáfa starfsleyfa fyrir mengandi starfsemi samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit almennt fram með ítarlegum hætti. Umsókn þurfti að fylgja greinargerð um fyrirhugaða starfsemi og að lokinni yfirferð var tillaga að starfsleyfi auglýst með fjögurra vikna athugasemdafresti. Að málsmeðferð lokinni var starfsleyfi gefið út ásamt starfsleyfissskýrðum og greinargerð um meðferð málsins. Þá tók við kærufrestur.

Með lagabreytingu sem samþykkt var í júní 2026 var dregið úr auglýsingaskyldu



MYND 11 VIÐBÚNAÐUR VIÐ MENGUNARÓHAPP MEÐ OLÍU

vegna starfsleyfa. Frá birtingu laganna og fram til 1. janúar 2027 er heilbrigðisnefndum heimilt að gefa út eða breyta starfsleyfum fyrir starfsemi samkvæmt viðauka IV við lög nr.

7/1998 án þess að tillaga að starfsleyfi eða breytingu þess sé auglýst með fjögurra vikna athugasemdafresti. Heilbrigðisnefnd er þó áfram heimilt að auglýsa tillöguna ef ætla má að starfsemi geti haft veruleg grenndaráhrif. Jafnframt þarf að auglýsa þá starfsemi sem fellur undir lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

Með reglugerð nr. 830/2022 um skráningarskyldan atvinnurekstur var áður búið að færa tiltekna flokka starfsemi úr starfsleyfisskyldu í skráningarskyldu. Rekstraraðilar slíkrar starfsemi fara því ekki í gegnum sama leyfis- og auglýsingarferli og starfsleyfisskyld starfsemi. Breytingin fækkaði þeim tilvikum þar sem þörf var á útgáfu sérstaks starfsleyfis og einfaldaði málsmeðferð fyrir viðkomandi rekstraraðila.

Einföldun leyfisferla getur stýtt afgreiðslutíma og dregið úr stjórnsýslubyrði. Hún þarf þó að byggjast á skýrum reglum, fullnægjandi upplýsingum og virkri eftirfylgni. Þegar almenn auglýsing er ekki lengur lögbundinn þáttur málsmeðferðar verður sérstaklega mikilvægt að metið sé hvort starfsemi geti haft veruleg grenndaráhrif og hvort rétt sé að gefa almenningi og öðrum hagsmunaaðilum í nágrenni við starfsemina kost á að koma sjónarmiðum sínum á framfæri.

Sama á við um stærri breytingar á eftirlitskerfinu. Raunveruleg einföldun felst ekki eingöngu í því að færa verkefni milli stjórnvalda, breyta heitum ferla eða fækka formlegum málsmeðferðarskrefum. Hún felst í skýrri ábyrgð, gagnsæjum ferlum, samræmdri framkvæmd og því að rekstraraðilar, sveitarfélög og almenningur viti hvert eigi að leita og hvaða kröfur gilda.

Mengunaróhöpp vegna jarðborana

Með lagabreytingum á árinu 2026 var starfsleyfisútgáfa og eftirlit með rekstri jarðbora fært frá heilbrigðiseftirliti sveitarfélaga til Umhverfis- og orkustofnunar.

Flutningur eftirlits með jarðborunum til Umhverfis- og orkustofnunar undirstrikar mikilvægi þess að ábyrgð, boðleiðir og viðbragðshlutverk séu skýr. Á árinu 2025 urðu þrjú stærri mengunaróhöpp á Suðurlandi í tengslum við jarðboranir, þar af tvö innan vatnsverndarsvæða neysluvatns.

Atvik af þessu tagi undirstrika að staðbundin áhætta hverfur ekki þótt starfsleyfisútgáfa og formlegt eftirlit færist milli stjórnvalda. Þvert á móti verður enn mikilvægara að tryggja skýrar boðleiðir, virka eftirfylgni, skjót viðbrögð og gott upplýsingaflæði milli ríkisstofnana, sveitarfélaga, vatnsveitna og annarra hlutaðeigandi aðila. Þetta er skýrt dæmi um hversu mikilvægt er að breytingar á eftirlitskerfinu séu vel undirbúnar og að ábyrgð og boðleiðir séu ótvíræðar. Brunavarnir viðkomandi sveitarfélags sinna fyrstu viðbrögðum og sjá um hreinsun við mengunaróhöpp af þessu tagi.

Mengunarvarnaeftirlit er því ekki aðeins stjórnsýsluferli heldur mikilvægur þáttur í vernd neysluvatns, umhverfis og almannaheilla. Einföldun regluverks má ekki leiða til þess að ábyrgð verði óljósari, viðbrögð hægari eða staðbundin þekking síður nýtt þegar mengunarhætta skapast.

Áfram er mikilvægt að mengunarvarnaeftirliti sé sinnt af festu og fagmennsku, með áherslu á forvarnir, leiðbeiningar, skýra ábyrgð og markvissa eftirfylgni. Atvik ársins sýna að áhættan er raunveruleg, einkum þegar mengandi starfsemi fer fram á viðkvæmum svæðum á borð við vatnsverndarsvæði. Með virku eftirliti, góðu samstarfi og skýrum boðleiðum má draga úr mengunarhættu, styðja við ábyrgan rekstur og vernda umhverfi og almannaheill.

Fráveitur og Seyrustaðir

Á Suðurlandi hefur á undanförnum árum verið unnið markvisst að úrbótum í fráveitumálum. Enn er þó nokkrum stærri verkefnum í þéttbýli ólokið, meðal annars á Selfossi. Þar hillir þó undir lok framkvæmda að sinni, þar sem gert er ráð fyrir að fyrsti áfangi hreinsistöðvar með eins þreps hreinsun og færsla útrásar verði tekin í notkun árið 2026.

Vestmannaeyjabær hefur komið upp grófhreinsun fyrir stærstan

hluta fráveitunnar og Sveitarfélagið Ölfus vinnur að úrbótum sem vonir standa til að leiði til fyrsta þreps hreinsunar á árinu 2026.

Í minni þéttbýliskjörnum, svo sem á Flúðum, Borg, Ásborgum, Sólheimum í Grímsnesi, Laugarási og í Reykholti, hefur verið ráðist í átak við uppsetningu hreinsistöðva.

Framkvæmdir við endurnýjun hreinsistöðvar í Hveragerði eru einnig í vinnslu. Um er að ræða kostnaðarsamar en nauðsynlegar framkvæmdir, bæði með tilliti til mengunarvarna og hollustuhátta, ekki síst þar sem um er að ræða svæði sem nýtt eru til útivistar og atvinnustarfsemi. Dæmi um slíka framkvæmd má sjá á mynd 12.

Í flestum fráveitusamþykktum sveitarfélaga á Suðurlandi hafa nú verið sett ákvæði um losun seyru, bæði frá íbúðarhúsum og frístundabyggð. Í framhaldi af slíkri þjónustu þarf að tryggja að förgun eða nýting seyru fari fram með viðunandi hætti. Seyrustaðir á Flúðum eru í því



MYND 12 FRAMKVÆMDIR Í GANGI Á SUÐURLANDI VIÐ FRÁGANG HREINSISTÖÐVAR

samhengi mikilvægt tímamótaframtak, þar sem seyra er hreinsuð og meðhöndluð til notkunar sem áburður á afmörkuðum uppgræðslusvæðum á afréttum uppsveitanna. Til fróðleiks má nefna að ein persónueining (pe) hefur áburðargildi sem nægir til að framleiða ígildi um 200 kg af korni.

Þar til nýlega hefur einkum verið notast við rotþrær í dreifbýli fyrir fráveitu. Rotþró ásamt siturlögn telst ígildi tveggja þrepa hreinsunar, en við ákveðnar aðstæður getur verið nauðsynlegt að tryggja frekari hreinsun. Jafnframt hafa á síðustu árum komið fram betri kostir við hreinsun. Á nokkrum stöðum á Suðurlandi er þörf á aukinni og betri hreinsun vegna sérstöðu viðkvæmra vatnasvæða, svo sem á við um vatnsverndarsvæði Þingvallavatns.

Ný fráveitureglugerð nr. [1450/2025](#) um fráveitur og skólphreinsun tók gildi á aðfangadag 2025. Reglugerðin fól í sér langþráða endurskoðun á eldra regluverki, en þegar við gildistöku hennar varð ljóst að ýmis ákvæði þörfuðust frekari skýringa, samræmingar og endurskoðunar.

Icewater verkefnið og Þingvallavatn

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands tekur þátt í verkefni í samstarfi við Bláskógabyggð og Grímsnes- og Grafningshrepp, sem snýr að fráveitu einstakra sumarhúsa við Þingvallavatn.



ICEWATER verkefnið
er samfjármagnað
af Evrópusambandinu

Um er að ræða 22 aðila um allt land sem hafa undir forystu Umhverfis- og orkustofnunar hlotið 3,5 milljarða króna styrk frá Evrópusambandinu fyrir LIFE ICEWATER-verkefnið. Þessi styrkur er einn sá stærsti sem Ísland hefur fengið frá evrópskum samkeppnissjóði. Markmið verkefnisins er að tryggja innleiðingu á hinni svokölluðu [Vatnatilskipun](#), bæta vatnsgæði á Íslandi, auka þekkingu á vatnsauðlindum, tryggja samræmda stjórnsýslu í vatnamálum og fræða almenning. Sjá vefslóð á fræðslu um verkefnið: <https://www.icewater-life.is/about>

Life Icewater verkefni má finna um allt land, þar á meðal við Þingvallavatn og sér Heilbrigðiseftirlit Suðurlands um þann hluta verkefnisins sem snýr að því að afla gagna og leiðbeina um úrbætur. Um fráveitu á verndarsvæði Þingvalla gilda sérstakar og strangari reglur en annars staðar og er markmiðið að HSL fái yfirsýn yfir fráveitu sumarhúsa á svæðinu, fræði almenning og leiðbeini eigendum sem þurfa að gera úrbætur. HSL hefur sent lóðarhöfum næst vatninu þrjú bréf, þ.e. þeim sem eiga eignir í 0-50 m fjarlægð frá vatninu og krafist skráningar á ástandi fráveitumannvirkja. Nokkrir eigendur hafa þó haft samband við verkefnastjóra Icewater hjá HSL en þátttaka er enn of lítil. Í september 2025 var boðað til íbúafundar þar sem sumarhúsaðeigendur fengu tækifæri til að kynna verkefninu betur og spyrja spurninga. Jafnframt hefur fyrsta bréfið verið sent þeim sumarhúsaðeigendum sem

eiga bústað lengra frá Þingvallavatni eða í 51-100 m fjarlægð frá vatninu. Sérstakar leiðbeiningar eru í gildi um þetta svæði; sjá slóð: [Fráveitur á verndarsvæði Þingvallavatns](#)

Umhirða lóða og opinna svæða færast til sveitarfélaga

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands bregst við kvörtunum og ábendingum vegna númerslausra ökutækja, bílflaka, kerra, vinnuvéla og annarra lausamuna á lóðum og opnum svæðum. Eftirlitið byggist meðal annars á lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, reglugerð nr. 903/2024 um hollustuhætti og reglugerð nr. 803/2023 um meðhöndlun úrgangs, eins og tiltekið er á tilkynningum sem límdar eru á lausamuni með fresti, eins og sést á sýnishorni á mynd 13.

TILKYNNING

Nr. 1095

Bífreið / bílflak / bílhúti / tæki / kerru / vinnuvél / lausamuni þessa er skylt að fjarlægja nú þegar, sbr. ákvæði 17. og 18. gr. reglugerðar nr. 903/2024 um hollustuhætti og 14. gr. reglugerðar nr. 803/2023 um meðhöndlun úrgangs og lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum.

Eiganda ofangreinds hlutar er veittur frestur til _____ nk. til að fjarlægja hann. Hafi umræddur hlutur ekki verið fjarlægður að fresti loknum verður honum fargað eða hann tekinn í vörslu í einn mánuð. Hafi eigandi ekki vitjað hans innan þess tíma verður hlutnum fargað eða hann seldur nauðungarsölu fyrir kostnaði flutningsaðila á grundvelli 6. gr. laga nr. 90/1991 um nauðungarsölu. Kostnaður vegna ofangreindra aðgerða greiðist af eigandaforráðamanni hlutar. Kostnaður er tryggður með lögveðsrétti í viðkomandi, húsi, lóð eða farartæki tvö ár eftir að greiðslu er krafist, sbr. 2. mgr. 61. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Athugasemdum vegna áminningar þessarar má koma á framfæri við Heilbrigðiseftirlit Suðurlands.

Vakin er athygli á því að skv. 1. mgr. 65. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir er hlutaðeigandi heimilt að vísa máli þessu til sérstakrar úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála sem starfar eftir lögum nr. 130/2011. Kærufrestur er einn mánuður frá því að kæranda varð kunnugt eða mátti vera kunnugt um ákvörðunina sbr. 2. mgr. 4. gr. laga nr. 130/2011 um nefndina. Kæra frestar ekki réttaráhrifum ákvörðunar.

Staður _____ dags. _____




HEILBRIGÐISEFTIRLIT SUÐURLANDS
Austurvegi 65 · 800 Selfoss · S. 480 8250 · netfang hsl@hsl.is

MYND 13 SÝNISHORN AF ÁLÍMINGAMIÐA

Aðstæður eru metnar á vettvangi og eiganda eða umráðamanni veittur frestur til að fjarlægja viðkomandi muni. Sé ekki brugðist við getur komið til brotnáms á kostnað eiganda eða lóðarhafa. Viðkomandi sveitarfélag annast að jafnaði framkvæmd brotnámsins. Á mynd 14 er súlurit yfir fjölda slíkra álíminga eftir sveitarfélögum 2025 og til 1. júlí 2026.

Því þarf fyrir árslok að tryggja skýra laga- og stjórnsýslulega umgjörð um umhirðu lóða og lendna og fjarlægingu númerslausra ökutækja, bílflaka og annarra lausamuna. Í samþykkt þarf meðal annars að skilgreina ábyrgð á móttöku ábendinga, vettvangsskoðunum,

tilkynningum til eigenda, ákvörðunum um brott nám, framkvæmd brott náms og innheimtu kostnaðar. Verkefnin skortir ekki í þessum málaflokk.



MYND 14 ÁLÍMDIR BÍLAR


Sveitarfélögunum er heimilt að hafa samstarf um framkvæmd verkefnisins og fela byggðasamlagi eða öðru sveitarfélagi eftirlit og stjórnvaldsaðgerðir. Mikilvægt er að ákvörðun um framtíðarfyrirkomulag liggi fyrir tímanlega svo að ekki myndist rof í þjónustu eða óvissa um hvert íbúar eigi að beina ábendingum eftir 1. janúar 2027.

Vöktun loftgæða – brennisteinsvetni o.fl.

Umhverfis- og orkustofnun og Heilbrigðiseftirlit Suðurlands koma að vöktun loftgæða með áherslu á helstu loftmengunarefni, meðal annars svifryk og brennisteinsvetni (H_2S).

Niðurstöður loftgæðamælinga eru birtar opinberlega á vefnum loftgaedi.is og niðurstöður mælinga sem Heilbrigðiseftirlit Suðurlands hefur eftirlit með eru jafnframt birtar á vef eftirlitsins <https://gogn.vista.is/vdv.php/rtd/230>

Vöktun brennisteinsvetnis er hluti af kröfum um innra eftirlit Orkuveitu Reykjavíkur vegna reksturs jarðvarmavirkjana á Hellisheiði og Nesjavöllum. Virkjanirnar nýta jarðhita til framleiðslu á rafmagni og heitu vatni fyrir höfuðborgarsvæðið. Við vinnslu jarðhitans getur brennisteinsvetni borist út í andrúmsloftið og er því mikilvægt að fylgjast reglulega með styrk þess í byggð og meta áhrif starfseminnar á loftgæði.



MYND 15 LOFTGÆÐAMÆLINGAR VEGNA JARÐVARMVIRKJANA

Mælistaðir fyrir brennisteinsvetni í byggð eru:

- Norðlingaholt og Lambhagi í Úlfarsárdal í Reykjavík,
- Lækjarbotnar í Kópavogi,
- Finnmörk í Hveragerði.

Staðsetning mælanna gerir kleift að fylgjast með því hvernig veðurfar, vindátt og rekstur virkjananna geta haft áhrif á styrk brennisteinsvetnis á nærliggjandi byggðarsvæðum. Samfelld vöktun veitir mikilvægar upplýsingar um langtímapróun loftgæða og gerir jafnframt kleift að greina tímabundna hækkun mengunargilda.

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands annast eftirlit með framkvæmd mælinganna og birtingu gagna. Verkfræðistofan Vista annast daglegan rekstur mælikerfisins og Hafrannsóknastofnun sér um kvörðun mælibúnaðarins. Skýr verkaskipting og reglulegt gæðaeftirlit með búnaði og gögnum eru nauðsynleg til að tryggja áreiðanleika niðurstaðna.

Eins og fram kemur á mynd 15 voru ársmeðaltöl brennisteinsvetnis á tímabilinu 2013–2025 undir leyfilegum mörkum í íbúðarbyggð samkvæmt [reglugerð nr. 514/2010](#) um styrk brennisteinsvetnis í andrúmslofti. Þótt ársmeðaltöl séu undir mörkum er áfram mikilvægt að




fylgjast með skammtímahækkunum, þar sem lykt af brennisteinsvetni getur orðið greinileg við mun lægri styrk en þann sem talinn er skapa bein heilsufarsleg áhrif.

Undirbúningur stendur yfir að hreinsun útblásturs frá Nesjavallavirkjun. Slíkar aðgerðir eru mikilvægar til að draga enn frekar úr losun brennisteinsvetnis og áhrifum hennar á loftgæði í nágrenninu.

Önnur og rýmri viðmiðunarmörk gilda um styrk brennisteinsvetnis á afmörkuðum vinnusvæðum en í almennri íbúðarbyggð. Mælingar á Nesjavöllum og við Hellisheiðarvirkjun sýna að styrkur brennisteinsvetnis þar hefur verið langt innan þeirra marka sem gilda um vinnuumhverfi. Þær niðurstöður breyta þó ekki mikilvægi þess að halda áfram virkri vöktun og vinna markvisst að því að lágmarka losun við upptök.

Fjármál og rekstur




MYND 16 FRAMLAG SVEITARFÉLAGA TIL REKSTRAR

Framlag aðildarsveitarfélaganna til rekstrar Heilbrigðiseftirlits Suðurlands kemur fram á mynd 16 og er því skipt eftir mannfjölda og reiknað út frá íbúafjölda 1. janúar það ár.

Hlutfall kostnaðar sveitarfélaganna í rekstri


Hlutfall milli framlaga sveitarfélaganna og eftirlitsgjalda og annarrar gjaldtöku af eftirlitsþegunum kemur fram á mynd 17. Þess má geta að með setningu viðmiðunargjaldskrár Umhverfissráðuneytis á sínum tíma, var almennt talið eðlilegt að sveitarfélög beri allt að 40% af rekstri heilbrigðiseftirlits með beinum framlögum, en hlutfall beinna framlaga til rekstrar er sýnt með rauðri línu sem vísar til hægri y-áss á myndinni og hefur hlutfall framlaga sveitarfélaganna verið um 25% undanfarin ár. Til frekari útskýringar á mynd nr. 17 eru á vinstri y-ás tekjur í milljónum króna með tilheyrandi súlum, grænu súlurnar sýna áætlun og þær bláu eru rauntölur. Á x-ásnum eru ártölin. Tekjur ársins 2025 eru hærri en áætlun gerði ráð fyrir og það má vænta þess að tekjur yfirstandandi árs verði það einnig, þar sem ekkert lát virðist vera á útpenslu ferðaþjónustufyrirtækja á Suðurlandi bæði hótela og baðstaða.



MYND 17 TEKJUR HSL OG HLUTFALL FRAMLAGA SVEITARFÉLAGANNA Í REKSTRI

Ef rýnt er í helstu kostnaðarliði í ársreikningum Heilbrigðiseftirlits Suðurlands 2025 þá eru laun eðlilega langstærsti kostnaðarliðurinn eða 75% eins og kemur fram á mynd 18. Hlutfallslega hefur launakostnaður þó lækkað ef miðað er við undanfarin ár. Samanborið við ársskýrslu 2024 var launakostnaður 79% af heildarútgjöldum.

Hækkun lífeyrisskuldbindinga vegna B-deildar er um átta prósent sem hlutfall af heildarútgjöldum og er meiri hækkun en árið á undan. Aðrir kostnaðarliðir eru svipaðir hlutfallslega og þeir hafa verið undanfarin ár.



MYND 18 HELSTU KOSTNAÐARLIÐIR HSL

Lokaorð

Þegar lítið er til baka yfir árið 2025 og þess sem af er árinu 2026 blasir við að verkefni heilbrigðiseftirlitsins eru bæði fjölbreytt og síbreytileg. Uppbygging í ferðaþjónustu hefur verið umfangsmikil og fjöldi afþreyingarlauga, náttúrubaðstaða og annarra verkefna sem tengjast ferðamennsku er nú í undirbúningi eða þróun. Slík verkefni kalla á vandaða málsmeðferð, góða staðbundna þekkingu og náið samtal milli rekstraraðila, sveitarfélaga og eftirlits.

Atburðir síðustu missera minna jafnframt á að heilbrigðiseftirlit er ekki aðeins stjórnsýsla á blaði. Nóróveirufaraldur á hálendinu og matarsýkingar í tengslum við þorablót sýna með skýrum hætti hversu mikilvægt er að reglur um hollustuhætti, matvælaöryggi og sóttvarnir séu teknar alvarlega. Þegar allt gengur vel er árangurinn oft ósýnilegur: veikindi sem verða ekki, mengun sem nær ekki fram að ganga, rekstur sem fær leiðbeiningar í tæka tíð og viðburðir sem fara vel fram vegna góðs undirbúnings.

Bæjarhátíðir og aðrar útiskemmtanir eru áfram meðal ánægjulegra verkefna sumarmánaðanna. Með góðu samstarfi við rekstraraðila, sveitarfélög og aðra leyfisveitendur hefur almennt gengið vel að leysa þau verkefni. Sama má segja um umsagnir vegna

skipulagsmála, sem virðast áfram fara fjölgandi. Sú þróun gefur tilefni til bjartsýni um áframhaldandi uppbyggingu á Suðurlandi, en undirstrikar jafnframt þörfina fyrir öflugt eftirlit sem þekkir aðstæður á hverjum stað.

Rekstur embættisins hefur heilt yfir verið í föstum skorðum. Útgjöld voru í samræmi við áætlanir. Eiginfjárstaða embættisins hefur versnað og er enn töluvert neikvæð. Það er mikilvægt að horfa raunsætt á þá stöðu, ekki síst á sama tíma og rætt er um umfangsmiklar breytingar á fyrirkomulagi eftirlits í landinu.

Áform ríkisins um flutning verkefna frá sveitarfélögum kalla á yfirvegaða umræðu. Eftirlit með hollustuháttum og mengunarvörnum er ekki aðeins spurning um hvaða stjórnvald fer með formlega ábyrgð. Það snýst einnig um nálægð, staðbundna reynslu, traust samskipti, skjót viðbrögð og þekkingu á þeim samfélögum og rekstri sem eftirlitið nær til. Slík þekking verður ekki til í reglugerð og flyst ekki sjálfkrafa milli kerfa. Hún byggist upp í daglegum störfum, á vettvangi og í samskiptum við fólk.

Við teljum að góð samvinna milli eftirlits og fyrirtækja sé ein mikilvægasta forsenda árangurs. Markmið eftirlitsins er ekki að skapa óþarfa hindranir, heldur að styðja við ábyrgan rekstur, vernda heilsu almennings og draga úr neikvæðum áhrifum á umhverfið. Bestu störfin vinnast oft tíðindalaust — áður en vandinn verður sýnilegur.

Þessari ársskýrslu er ætlað að gefa innsýn í fjölbreytt verkefni, rekstur og ábyrgð embættisins. Hún sýnir jafnframt að heilbrigðiseftirlit er lifandi þjónusta við samfélagið, ekki aðeins kerfi reglna og leyfa. Á tímum breytinga er mikilvægt að missa ekki sjónar á þeirri staðreynd.

Að lokum þökkum við eftirlitsþegum, stofnunum, sveitarfélögum og almenningi fyrir gott samstarf. Fram undan eru ný verkefni og mögulega breytt landslag í opinberu eftirliti. Hvernig sem þeim málum vindur fram verður markmiðið hið sama: að tryggja heilnæmt umhverfi, öruggan rekstur og öfluga vernd almannaheilla.

27. júlí 2026

F.h. Heilbrigðiseftirlits Suðurlands

Sigrún Guðmundsdóttir
framkvæmdastjóri